# Samantekt stjórnar Íslandsbanka hf. um hlutafjáreign hluthafa og atkvæðisrétt þeirra

Í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, leggur stjórn Íslandsbanka hf. eftirfarandi samantekt fyrir aðalfund bankans.

Hlutafé Íslandsbanka hf. er kr. 9.402.353.850. Hlutafé skiptist í 1.880.470.770 hluti hver að nafnvirði fimm (5) krónur eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Hlutafé bankans tilheyrir allt einum flokki hlutafjár.

Réttur hluthafa Íslandsbanka hf. til að greiða atkvæði er í samræmi við hlutafjáreign þeirra. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs hlutafjár. Eigin hlutir bankans njóta ekki atkvæðisréttar. Þann 26. febrúar 2026 átti bankinn alls 136.425.756 hluti.

Á vef bankans er birtur listi yfir þá hluthafa sem eiga 1% af hlutafé eða meira, sem í dag eru 12 hluthafar[1] en heildarfjöldi hluthafa bankans er rétt tæplega 25.000. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er stærsti hluthafi bankans með 8,32% hlut, næststærsti hluthafinn er Gildi lífeyrissjóður með 7,55% hlut[2].

Kópavogur, 26. febrúar 2026

Stjórn Íslandsbanka

---

[1] Íslandsbanki er ekki talinn með.
[2] Eigin hlutir eru ekki teknir með í útreikningi hlutfalls.